
...eina leiðin fyrir Íslendinga til að losna við ítarlegt nám í fimm eða sex tungumálum er alþjóðamál á borð við esperantó.

Böðvar Guðmundsson menntaskóla-kennari Akureyri:



á dagskrá

HVAÐA TUNGUMÁL HENTAR HEIMINUM?

Tveir gagnmerkir og góðir menn hafa nýverið ritað greinar í Þjóðviljann um alþjóðamálið esperanto. Því miður er ég ekki fær um að blanda mér í þá umræðu, nema að mjög litlu leyti. Samt sem áður get ég aldrei látið hjá líða að blanda mér í umræðu manna um þessa uppdiktuðu tungu, og ósjálfrátt hallast ég alltaf á sveif með esperantistum. Rökstuðningur þeirra er í sjálfu sér auðskilinn hverju heilvita mannsbarni, og hann ætti að eiga alveg sérstakan aðgang að Íslendingum, því fáar eða engar þjóðir verða að hafa jafnmargslungna tungumálakunnáttu á takteinum. Íslendingar tala sjálfir tungumál sem um tvöhundruð og tuttugu þúsund manns skilja og kannski um fimmtán þúsund Bandaríkjamenn og Kanadabúar til viðbótar auk nokkur hundruð sérvitringa sem hafa lært málið í háskólum sér til dundurs. Það gefur því auga leið að án verulegrar tungumálakunnáttu eiga Íslendingar litla von þess að vita hvað snýr upp og hvað snýr niður í þessum heimi. Viðskiptasamningar þeirra við önnur ríki eru trúlega ekki gerðir á íslensku, kennslubækur í fræðilegum sviðum framleiðslugreinanna eru ekki heldur á íslensku og það ætti að vera óþarfi að spyrja hvar þessi þjóð væri stödd án utanríkisverslunar, verkfræðinga, fiskifræðinga, matvælafræðinga og tæknifræðinga.

Í reynd er það líka svo að íslenskir skólanemar læra fleiri erlendar tungur en skólanemar flestra annarra Evrópulanda. Venjulegur grunnskólaunglingur þarf til dæmis að glíma við tvö erlend tungumál, ensku og dönsku. Menntaskólanemi þarf að glíma við sömu tungumál auk að minnsta kosti tveggja annarra, þýsku og frönsku, — og einhvern möguleika á hann á að nema lítillega rússnesku, spönsku, esperanto og ef til vill fleiri tungumál.

Flestir skólanemar una þessum fjölda tungumála illa, telja óeðlilegum tíma varið í málanám, og mörgum verða þau mál sem minna er lært í að hreinum blóraböggum.

Reyndin er líka sú að tungumálakunnátta Íslendinga er ekki mikil. Margir geta lesið dönsku sér til nauðþurftar en allt gengur verr að skilja talað mál. Mjög margir Íslendingar geta nefnt einhverjar peningaupphæðir á ensku þegar þeir reyna að féfletta erlenda ferðamenn, en þar með er líka sagan næstum öll. Þýskukunnátta Íslendinga einskorðast við Heil Hitler eða Ich liebe dich, þeir sem skilja frönsku spænsku og ítölsku að nokkru ráði eru sárafáir, rússnesku kunna tveir eða þrír svo einhverju nemi og mál þeirra þjóða sem næstar okkur búa, Færeyinga og Grænlendinga, kann enginn.


Margir Íslendingar sem fara til Suður-Þýskalands eða suður að Miðjarðarhafi undrast hvað fólk þar í sveitum á erfitt með að telja á ensku. Sannleikurinn er nefnilega sá, að þar skilur svo til enginn þetta ágæta tungumál. Venjulegur Frakki, — svo dæmi sé tekið, — er ósjálfbjarga ef hann villist eitthvað annað en til Belgíu eða Quibeck í Kanada. Af þjóðrembuástæðum verður enska aldrei það heimsmál sem Íslendingar halda að hún sé, Skandinavar kunna margir nokkur skil á henni, svo og Englendingar og Bandaríkjamenn, en þar með er líka næstum upp talið. Þó leggja margir Asíubúar nokkra rækt við ensku, til dæmis Kínverjar sem gera það til að stríða Rússum, og Indverjar hafa hana að ríkismáli af því að Indland er fyrrverandi skattland Breta. Svipað er að segja um Japani sem læra einhvers konar ensku af því að Bandaríkjamenn köstuðu á þá kjarnorkusprengju fyrir eina tíð. Enska er þó ákaflega fjarri því að vera almenningseign í þessum löndum, — í raun og veru víðs fjarri.

Árni Böðvarsson leiðir að því gild rök málvísinda í grein sinni á dögunum, að esperanto sé ekki indóevrópskt tungumál, enda þótt orðstofnar séu í ríkum mæli af rómönsku bergi brotnir. Auðvitað hlýtur samt útkoman að verða sú að sumar þjóðir eiga auðveldara með að læra esperanto en aðrar. Menn hafa til dæmis bent á að Asíubúar, sem tala ekki indóevrópsk tungumál, eigi erfiðara með að læra esperanto heldur en Spánverjar. Þetta er sennilega alveg rétt, en það má líka benda á þá staðreynd að Asíubúum gengur mun betur að læra esperanto en til dæmis ensku. Þar eru það allsekki orðstofnarnir sem skipta meginmáli, heldur einstaklega rökföst formbygging esperanto og einfalt málhljóðakerfi.

En víkjum þá aftur að tungumálakunnáttu Íslendinga og nauðsyn þess að mörg tungumál séu numin af íslensku skólafólki. Ef esperanto væri orðið að því tjáningartæki sem góðir og hugsjónaríkir esperantistar vona, þá þyrfti íslenskt skólafólk ekki að glíma við nema tvö tungumál alla sína grunn- og miðskólasetu, sitt eigið tungumál og esperanto. Það gæti sparað sér nám í dönsku, þýsku, frönsku, rússnesku og spænsku, — og náð mjög góðum tökum á esperanto á sama tíma og fer í dönskunám hjá venjulegum nemanda. Í staðinn kæmi svo til dæmis aukin raungreinamenntun sem myndi væntanlega leiða af sér fisknari skip og feitari sauði. Það liggur við að beinlínis væri hægt að reikna í krónum og aurum hagnaðinn af því fyrir Íslendinga að esperanto yrði raunverulegt alþjóðamál.

En nú er því miður ekki um það að ræða að esperanto sé orðið að slíku tæki. Esperanto skilur ekki nema lítið brotabrot mannkyns. Íslenskt námsfólk mun enn um langa hríð þurfa að basla við fimm eða sex erlend tungumál, — og þar er víst ekki um neina miskunn að ræða. Engu að síður held ég að það sé Íslendingum, — og reyndar öllum smáþjóðum heims, svo mikilvægt að skilja hvað fram fer í kringum þá, að þar á verður að leggja allt kapp.

Og þá er ekki annað eftir en að komast að hinni óumflýjanlegu niðurstöðu undangenginnar umræðu, — að eina leiðin fyrir Íslendinga til að losna við ítarlegt nám í fimm eða sex tungumálum er að alþjóðamál á borð við esperanto verði að veruleika. Og þó að það hljómi sem undarleg þversögn, þá virðast Íslendingar ekki geta lagt þeim málstað lið með öðru móti en því að bæta enn einu skyldufagi ofan á tungumálanám skólanna, alþjóðamálinu esperanto.



Sauðfjárslátrun hefst um 10. sept.

Sauðfjárslátrun fer nú senn að hefjast. Samkvæmt upplýsingum, sem við fengum hjá þeim Jónmundi Ólafssyni, kjötmatsformanni og Hákoni Sigurgrímssyni hjá Stéttarsambandi bænda, er gert ráð fyrir því, að slátrun byrji um 10. sept. í Borgarnesi og á Selfossi og ef til vill eitthvað víðar. Göngur eru þá raunar ekki afstaðnar en hvorttveggja er, að bændur hafa víða nokkuð af fé í heimahögum yfir sumarið og svo sækja menn gjarnan fyrir göngur það fé, sem komið er niður að afréttargirðingum.

Jónmundur Ólafsson sagði að nokkuð væri breytilegt hvenær slátrun byrjaði í einstökum sláturhúsum. En haustverð á sláturafurðum yrði birt 15. sept. og upp úr því mætti búast við að slátrun hæfist almennt. Hann bjóst við að tala starfandi sláturhúsa yrði svipuð og í fyrra. Sér væri ekki kunnugt um nein, sem helst hefðu úr lestinni né bæst við.


„Furðulegur áhrifamáttur"

Yfirlitssýning á verkum L. Alcopley á Kjarvalsstöðum

Dagana 10.-25. september gengst Listráð að Kjarvalsstöðum fyrir yfirlitssýningu á verkum bandarískra lista- og vísindamannsins L. Alcopley. Hann hefur um langan tíma verið tengdur Íslandi, allt frá því að hann gekk að eiga Ninu Tryggvadóttur árið 1949 og til þessa dags, og hefur hann af miklum höfðingsskap haldið á lofti minningu hennar og list. Var heimili þeirra, í Reykjavík og New York, mörgum Íslendingum griðastaður.

En Alcopley hefur stundað listsköpun enn lengur, eða frá 1940 og var í hópi þeirra listamanna sem lögðu grundvöllinn að nýrri amerískri list á árunum 1940-50 og tók hann virkan þátt í umræðum og félagslífi myndlistarmanna á þeim tíma og var m.a. einn af stofnendum „klúbbsins" svonefnda á 8da Stræti í New York, en hans er nú allsstaðar getið í bandarískri myndlistarsögu.

Markmið þessara listamanna var að skapa list sem væri í senn amerísk, hvatleg og óbundin, en hefði þó læsilegt inntak. Hafa verk Alcopleys verið í þeim meginstraumi æ síðan, en kynni hans af austurlenskri list hafa enn frekar auðgað og víkkað list hans. Um teikningar hans segir franski gagnrýnandinn og listmálarinn Michel Seuphor m.a.: „Áhrifamáttur þeirra er furðulegur. Þær virðast eins fágaðar og að baki þeirra lægi gífurleg vinna. Þó eru þær gerðar beint og fríhendis. Mesta skart þeirra er hlédrægnin og stíll þeirra er afsprengi þroskaðrar umhugsunar".



L. Alcopley

Alcopley hefur haldið um 30 einkasýningar víða um lönd, m.a. í New York, Svisslandi, Japan, París, Þýskalandi, Englandi, Hollandi, Noregi og Ísrael og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, og hafa margir áhugamenn ritað um verk hans, m.a. Michel Seuphor, Richard Hulsenbeck og Herbert Read, auk málara eins og Willem de Kooning og Franz Kline. Breska sjónvarpið, BBC, hefur einnig gert mynd um Alcopley og verk hans. Væntanlega verður hægt að sýna þá mynd að Kjarvalsstöðum meðan á sýningunni stendur. Einnig eru verk hans í mörgum helstu listasöfnum Bandaríkjanna og Evrópu, m.a. í Museum of Modern Art, New York, Art Institute of Chicago, Stedelijk Museum í Amsterdam, National Museum of Modern Art, Tokýó, Israel Museum, Jerusalem, Museé d'Art et Industrie, Saint-Etienne, Frakklandi og Listasafni Íslands.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum Alcopleys og spannar tímabilið 1944-1977 og eru á henni rúmlega 300 verk, málverk, teikningar, vatnslitamyndir, steinprent og svo allskonar bækur og sérútgáfur á verkum hans.